

VSK-merki

- VSK-merki hafa hvítan flöt með endurskini með rauða rönd á brúnum og rauða stafi. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða og rauður upphleyptur tígullaga flötur er vinstra megin við bókstafi. VSK-merki geta eingöngu verið á bifreiðum.

VSK-bifreið

- VSK-bifreið getur verið sendibifreið (N1) eða vörubifreið I (N2) = < 5.000 kg að leyfðri heildarþyngd.
- Sendibifreiðar og vörubifreiðar I verða að auki að standast VSK-skoðun á skoðunarstofu.
- VSK-bifreið má ekki bera einkamerki.

VSK-skoðun

- Áður en heimilt er að afhenda VSK-merki á bifreið verður hún að standast VSK-skoðun á skoðunarstofu ef það kemur ekki fram í gerðarlýsingu að ökutækið uppfylli VSK - kröfur.
- Við VSK-skoðun er gengið úr skugga um að skráð flutningsgeta í fólksrými sé minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðarinnar ef miðað er við að hver farþegi vegi 68 kg og bílstjóri 75 kg.

Farmrými

- Farmrými í sendi- og vörubifreiðum þarf almennt að vera 1,70 m eða lengra á lengd.
- Í farmrými mega hvorki vera sæti né annar búnaður til farþegaflutninga.
- Þegar litlum fólksbílum er breytt í sendibifreið verður farmrýmið að vera lengra en farþegarými.
- Í bifreið með sérstöku farmrými til vöruflutninga skal vera skilrúm sem ver ökumann og farþega gegn framskriði farms.
- Farmskilrúm skal vera lokað og ná frá gólfi til lofts í vörubifreið I.
- Í opnu farmrými skal farmskilrúmið ná frá gólfi farmrýmis og í a.m.k. 100 cm hæð fyrir ofan setu þess sætis sem hæst stendur í fólksrými.

Breytingaskoðun

- Ef bifreið er ekki skráð sendibifreið eða vörubifreið I verður hún að fara í breytingaskoðun þar sem notkunarflokkur er breytt. Að lokinni skráningu á breytingunni er heimilt að afhenda VSK -merki á bifreiðina liggi fyrir að bifreiðin uppfylli VSK -kröfur.

VSK-kröfur

- Við gerðarskráningu sendibifreiða og vörubifreiða I er skráð í gerðarlýsingu hvort gerðin uppfylli VSK -kröfur og koma þessar upplýsingar fram í upplýsingamynd ökutækjaskrár og við nýskráningu.
- Einnig er unnt að færa ökutæki í breytingaskoðun á skoðunarstofu þar sem gengið er úr skugga um að VSK-kröfur séu uppfylltar.

Förgun skráningarkerkja

- Þegar VSK-merki eru afhent á VSK-bifreið þá er almennum merkjunum fargað.
- Ef VSK-merkjum er skilað inn og almenn merki afhent á bifreiðina er VSK-merkjunum fargað.

Afhending almennra merkja

- Heimilt er að afhenda almenn merki á ökutæki sem skráð er á VSK-merki án sérstakrar skoðunar sé VSK-merkjum skilað inn.
- **ATH. ef það á að setja aftursæti í aftur og fjölga farþegum þarf ökutækið að fara í breytingaskoðun.**

Notkunarflokkur

- Þegar VSK -merki eru skráð „afhent“ á bifreið breytist notkunarflokkur hennar sjálfkrafa í „VSK-bifreið“.
- Þegar VSK -merkjum er skilað inn og almenn skráningarkerki afhent að nýju breytist notkunarflokkurinn í „Almenn notkun“.